

Lopapeysan

-Nauðsyn fortíðar-Tíska nútímans-

Brynhildur Reykjalín Vilhjálmsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í menntunarfræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Desember 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs


Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Lopapeysan

-Nauðsyn fortíðar – Tíska nútímans kennsluleiðbeiningar

Brynhildur Reykjalín Vilhjálmsdóttir

220676-5019



Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Desember 2009

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	4
<i>Heiti á verkefni og hvers vegna verkefni varð fyrir valinu</i>	5
Uppruni og hlutverk.....	5
Lopapeysan	5
Hönnun	6
Tenging við peysur annarra þjóða.....	6
Hugtök og útskýringar.....	6
Prjónfesta/þensla.....	6
Uppfitjun.....	6
Slétt prjón	7
Brugðið prjón	7
Útaukning/að auka út/í.....	7
Úrtökur.....	7
Affelling.....	7
Önnur hugtök	8
<i>Kennsluverkefnið</i>	8
Aðalnámskrá og markmið:	8
Undirbúningur kennara:.....	9
Kveikja/innlögn:	9
Efni og áhöld:.....	10
Námsmat:.....	10
<i>Lopapeysa</i>	11
Prjónauppskrift.....	11
<i>Hugtök í prjóni og skýringamyndir</i>	17
<i>Heimildaskrá</i>	23
<i>Myndaskrá</i>	23

Inngangur

Í þessu B.E.d verkefni ætla ég að taka fyrir kennsluverkefnið Lopapeysa. Ég ætla að segja stuttlega frá lopapeysunni, af hverju hún varð fyrir valinu í þessu verkefni, uppruna hennar, tenginu við aðrar þjóðir ásamt helstu grunnhugtökum við að þrjóna lopapeysu. Ég ætla að tengja Aðalnámskrá grunnskóla við verkefnið og segja frá lokamarkmiðum, þrepamarkmiðum og áfangamarkmiðum og hvernig þau tengjast kennsluverkefninu ásamt því að taka fyrir námsmat í textílmennt. Ég ætla að segja frá helstu kennsluaðferðum og kenningum sem ég tel geta nýst kennurum við kennslu á textílmennt og mun ég fara ýtarlega í kennsluverkefnið sjálft, undirbúning og aðferðir við innlögn, kveikju, kennsluaðferðir og námsmat. Að lokum er uppskrift af kennsluverkefninu ásamt nánari útskýringum á grunnhugtökum þrjóns.

Heiti á verkefni og hvers vegna verkefni varð fyrir valinu

Í þessu lokaverfni hef ég ákveðið að taka fyrir kennsluverkefnið Lopapeysa. Verkefnið varð fyrir valinu vegna tveggja þátta. Í fyrsta lagi er lopinn stór þáttur í íslenskri menningu og sögu. Ullin hefur fylgt Íslendingum allt frá landnámi og hélt þeim á lífi öldum saman. Í dag er hún en mikilvæg, ekki bara til að halda á okkur hita heldur er hún tákn um aldargamla vinnu hefð og sögu, ásamt því að flíkur úr henni breytast úr lífsnauðsynlegum fatnaði í tískufyrirbrigði.

Hinsvegar eru æsku minningar mínar tengdar lópanum, er setið var við fætur ömmu minnar og hún þrjónaði. Þessar minningar hafa alltaf verið mér hjartfólgnar og áttu sinn þátt í að kveikja neistann í lítilli stúlku sem trúði því að amma gæti allt.

Uppruni og hlutverk

Elstu heimildir um þrjón á Íslandi er að finna í bréfabók Guðbrands Þorlákssonar á Hólum frá seinni hluta 16. aldar (1582-1583), þar sem greint er frá að honum voru greiddar landskuldir, að hluta í þrjónlesi.¹ Elsta varðveitta íslenska þrjónles er sléttþrjónaður belgvettingur frá fyrri hluta 16 aldar, sem fannst í uppgreftri að Stóruborg í Austur-Eyjafjallahreppi árið 1981².

Talið er að þrjónaskapur hafi borist hingað til lands með enskum, þýskum eða jafnvel hollenskum kaupmönnum³ og hafi verkfærin verið sáraeinfaldir bandþrjónar og það má segja að hér á landi hafi orðið tæknibylting,⁴ „allir þrjónuðu, konur jafnt og karlar og börnin líka. Aldrei var setið auðum höndum, en hver stund og staður notuð til þess að grípa í þrjónana“⁵.

Lopapeysan

Íslenska lopapeysan, eins og við þekkjum hana á sér ekki langa sögu. Í síðari heimstyrjöldinni náði íslenska lopapeysan með hringlaga axlarbekknum vinsældum. Á fjórða áratugnum voru teknir upp hringþrjónar sem gerðu auðveldar að þrjóna axlabekkina í heilu lagi. Með tíð og tíma hafa munstur og litir breyst, í upphafi voru peysur aðeins í sauðalitunum en undarfarin ár hafa litir sést í auknum mæli⁶.

¹ Elsa E. Guðjónsdóttir. 1985:8-12

² Magnús Guðmundsson. 1988:88

³ Elsa E. Guðjónsdóttir. 1985:8-12

⁴ Áslaug Sverrisdóttir. 2004:199

⁵ Halldóra Skarphéðinsdóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir. 2008:6

⁶ Magnús Guðmundsson. 1988:96-97

Hönnun

Hlutverk heimilisiðnaðar þróaðist frá því að framleiða þrjónaföt fyrir fjölskyldur inn á brautir listiðnaðar⁷. Fyrst um sinn var hugtakið hönnun ekki til, það var ekki fyrr en um 1970 sem farið var að ráða hönnuði eða kaupa hugmyndir þeirra og teikningar. Þegar líða tók á fjölgaði hönnuðum sem um munar⁸, sem orðið hefur til þess að þrjónaiðnaður er sérstök atvinnugrein og hafa vörur verið fluttar út í ríkum mæli⁹.

Tenging við peysur annarra þjóða

Íslenski munsturbekkurinn byggist á erlendum fyrirmyndum og má þá einna helst nefna norska munstrið sem er tvíbanda með beinum axlarbekk. Munsturbekkurinn hefur verið orðaður við munstur frá Grænlandi eða Chile, en einnig hafa munstrin komið úr gömlum sjónabókum eða af eldra þrjóni, vefnaði eða útsaumi og þróast í það sem við þekkjum í dag. Flest munstrin sem notuð hafa verið eru trúlega búin til sérstaklega fyrir lopapeysur af hönnuðum eða þrjónakonunum sjálfum¹⁰.

Hugtök og útskýringar

Hér koma helstu hugtök og aðferðir sem þarf að þekkja til að þrjóna lopapeysu eða annað þrjónles. Nánari skýringamyndir af völdum hugtökum má sjá í kaflanum Hugtök í þrjóni og skýringarmyndir.

Þrjónfesta/þensla. Þrjónfesta/þensla mælir stærð lykkna og segir til hvort þrjónað er fast eða laust sem hefur áhrif á stærð stykkisins. Í öllum þrjónauppskriftum er gefin upp þrjónfesta sem segir til um hversu margar lykkjur skulu mælast 10 sm. lárétt og lóðrétt¹¹. Ef þrjónfestan/þenslan er of lítil miðað við sm. þarf að nota stærri þrjóna, ef þrjónfestan/þenslan er of mikil miðað við sm. þarf að nota minni þrjóna¹².

Uppfitjun. Til eru margar leiðir til að fitja upp á þrjón og má þar nefna Húsgangsfít, Silfurfit, Hundafít og Skólafít svo eitthvað sé nefnd. Höfundur hefur ákveðið að taka fyrir Húsgangsfít því að honum hefur sýnst að það sé algengasta gerð af uppfítjun í skólum. Farið verður í gegn um Húsgangs uppfítjun í kaflanum Hugtök í þrjóni og skýringarmyndir.

⁷ Magnús Guðmundsson. 1988:94

⁸ Magnús Guðmundsson. 1988:270-271

⁹ Magnús Guðmundsson. 1988:97

¹⁰ Magnús Guðmundsson. 1988:97

¹¹ Lopi 28. 2008:1

¹² Halldóra Skarphéðinsdóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir. 2008:5

Slétt prjón. Í upphafi prjónaskaps er kennt svo kallaður slétt prjón. Sléttur prjón er prjónaður á þann hátt að farið er með odd hægri prjóns í lykkju vinstriprjóns að framan og síðan aftur fyrri garnið. Dragið garnið í geng um lykkjuna, við þetta myndast ný lykkja. Um leið er lykkja vinstri prjóns látin renna fram af prjóninum. Ný lykkja situr nú eftir efst á hægri prjón sbr. myndum í kaflanum Hugtök í prjóni og skýringarmyndir, og endurtaka þarf þetta ferli út allan prjóninn. Slétt prjón er það kallað þegar prjónuð er slétt lykkja frá réttu en brugðin lykkja frá röngu¹³.

Brugðið prjón. Önnur aðferð sem er einnig undirstaða alls prjóns eins og slétt prjón er brugðið prjón. Til eru nokkrar aðferðir við að prjóna brugðið prjón en hér verður aðeins farið í eina þeirra sbr. kaflanum Hugtök í prjóni og skýringarmyndir. Brugðin lykkja er prjónuð á þann hátt að bandið er haft fyrir framan prjónana. Hægri prjóni er stungið inn í fremri helming lykkjunnar á vinstri prjóni. Krækt í bandið, sbr. mynd í hugtök í prjóni og skýringarmyndir, og farið með það í gengum lykkjuna. Síðan er lykkjan tekin af vinstri prjón yfir hægri prjóninn¹⁴. Um brugðið prjón má segja að sé rangan af sléttu prjóni.

Útaukning/að auka út/í. Að auka út þýðir að fjölga lykkjum og miðast við að þurfi að víkka út flík á einum stað eða fleiri. Til eru nokkrar aðferðir við að auka út en hér mun aðeins verða fjallað um eina þeirra sem er þannig: Farið er með hægri prjónodd fram fyrir bandið sem myndast á milli lykknanna í umferðinni á undan og lyftið því upp á vinstri prjón. Farið framan í lykkjuna (sem bandið myndar) og prjónið slétt.

Úrtökur. Úrtaka þýðir að fækka lykkjum. Margar úrtökuaðferðir eru til. Sumar eru lítið áberandi en aðrar áferðarmeiri¹⁵. Aðeins verður fjallað um eina gerð af úrtökum þar sem tvær lykkjur eru prjónaðar saman. Farið er með hægri prjónoddinn í gegn um tvær lykkjur að framan og prjóna slétt (ath. ef úrtakan fer fram á röngunni þarf að prjóna brugðið).

Affelling. Er oftast gerð á eftirfarandi hátt: Prjónið 2 lykkjur. Vinstri prjóninum er stungið inn í aftari lykkjuna á hægri prjón og lykkjunni hvolft yfir fremri lykkjuna. Prjónuð er 1 lykkja þannig að aftur verði 2 lykkjur á prjóni og endurtekið þangað til að

¹³ Erla Eggertsdóttir. 1992:40

¹⁴ Unnur Breiðfjörð. 1999:32

¹⁵ Erla Eggertsdóttir. 1992:54

ein lykkja er eftir á prjóninum. Þá er klippt á bandið og það dregið í gegn um síðustu lykkjuna.

Önnur hugtök

Til eru mörg hugtök í prjónaskap og mun nánar verða farið í skýringar á nokkrum þeirra í kaflanum Hugtök í prjóni og skýringamyndir, í kennsluverkefninu. Þar mun vera tekið fyrir m.a. að lykkja saman undir höndum, klippt fyrir rennilás og annar frágangur.

Kennsluverkefnið

Kennsluverkefnið Lopapeysa er ætlað nemendum á elsta stigi grunnskólans eða þeim sem eru lengra komnir í prjóni.

Markmið með verkefninu er að nemendur öðlist færni í prjónaskap, fræðist um ullina, búi til nytjahlut með nota- og tískugildi. Verkefnið gefur mikla möguleika á kveikju og innlögn, spurning er hve langt vill kennari fara og hvaða fyrri reynslu nemandi kemur með þegar hefja skal vinnuna.

Aðalnámskrá og markmið:

Á elsta stigi grunnskólans er lögð áhersla „á sjálfstæða vinnu nemaanda á grundvelli fyrra náms“¹⁶. Nemendur eiga að geta nýtt sér þá þekkingu og færni sem þeir hafa öðlast á fyrri árum og komið þeim skilmerkilega til skila á þessum árum. Í 8. Bekk er textílnám skyldu grein en í 9-10 bekk er textílmennt valgrein, og því kröfur til þeirra mun meiri en áður varðandi færni og sjálfræðrar vinnu. Þessir hópar eiga því að fá nám sem er í takt við tímann og tísku en þó með lögmál og aðferðir aðalnámskrár til hliðsjónar¹⁷.

Lögmál og aðferðir úr aðalnámskrá grunnskóla 2007, listgreinar, bls. 21-22 sem samræmast verkefninu lopapeysa eru:

- Að geta beitt verklagi, áhöldum og vélum textílgreinarinnar
- Að hafa tamið sér vandvirkni og umgengi við vinnu sína
- Að geta skipulagt raunhæft vinnuferli og geta fylgt því eftir.

¹⁶ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:21

¹⁷ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:21

- Að geta notað handbækur og gögn greinarinnar
- Geti leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu
- Að geta nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi:

- geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköðuð í
- geta aflað sér upplýsinga um sögulega textíla, tísku og hönnun.
- Geta sýnt fram á þekkingu á náttúrulegum og menningarlegum forsendum sem stýra neyslu og tísku.
- Geta gert greinarmun á handverki og fjöldaframleiðslu

Fagurfræði og rýni

- Geta valið form, liti, efni og aðferðir út frá fagurfræði og hagnýtissjónarmiðum og rökstutt valið
- Hafi öðlast innsýn í fjölbreytta möguleika textílgreinarinnar
- Geta metið eigin textílverk og annarra á fagurfræðilegum forsendum
- Gera sér grein fyrir mikilvægi vandvirkni og góðrar umgengni

Undirbúningur kennara:

Góð kunnátta í þrjú og færni til að breyta uppskrift ef þarf. Hafa þarf tiltæk öll áhöld og garn sem til þarf í lopapeysu.

Kveikja/innlögn:

Kveikja getur verið margbreytileg eftir því hvaða grunn nemendur hafa. Hægt er að fara með nemendum í t.d. að gera verkefni á undan Lopapeysunni er fjallar um ullina, t.d hver eru einginleikar ullarinnar, kostir og gallar, brunaprufa, hvað er tog og hvað er þel, hvernig var/er ullin unnin, hvers vegna var ullin svona mikilvæg á árum áður og er hún mikilvæg í dag? Eru lopapeysur tískufyrirbrigði, hvert er notagildi hennar, en fagurfræðilegt eða sögulegt. Er ullin aðeins nýtanleg í peysur?

Skoða mætti margar gerðir af ull t.d. ullarkembu, léttlopa, hespulopa, plötulopa og ræða hver sé munurinn á íslenskum lopapeysum, hvort þær séu háðar sniðum, litum eða? Koma mætti með erlenda ull og bera hana saman við íslensku ullina.

Gott er einnig að skoða blöð og bækur, bæði gamalt og nýtt og ræða um hver sé munurinn. Hefur lopapeysan eitthvað breyst, eru gildi hennar þau sömu í dag og fyrir 10 árum? Hvernig er endingin á Lopapeysu, er hún endurnýtanleg á einhvern hátt? Hvernig þvolum við ull?

Þessi listi er engan veginn tæmandi. Hafa þarf í huga fyrri reynslu nemanda og þekkingu hans á ullinni.

Efni og áhöld:

Hespulopi frá Álafoss, þrjónar við hæfi, nælur, merki, stoppunál, rennilás eða tölur ef með þarf.

Námsmat:

Nemendur búa til verkmöppu eða leiðarmöppu um verkefnið eða setja gögn um feril verkefnisins inn í möppu sem þeir eiga nú þegar. Inn í möppunni skal vera sýnishorn af ýmsum gerðum lopa og eiginleikar hans, þrjónfesta og útreikningur við þrjónfestu og athugasemdir um hvort þurfi að velja stærri eða minni þrjóna í samræmi við þrjónfestu. Áður en þrjónaskapur hefst þurfa nemendur að taka mál hvert af öðru og gera útreikninga ef stækka þarf peysu eða minnka miðað við máltöku og ef ákveðið er að gera einhverjar breytingar á peysunni. Í möppunni á einnig að vera áætlun um þann tíma sem verkið tekur, áætlun um heimavinnu viku fyrir viku, sjálfsmat sem tekið er í miðju verki og eigin hugleiðingar nemandans eftir hvern tíma um gang verksins og hvort að þeir hafi rekið sig á eitthvað nýtt. Gott er að nemendur fái einnig þann möguleika að setja inn myndir á hinum ýmsu stigum verksins. Í möppunni þarf að vera stutt greinargerð í lok verksins sem segir til um af hverju þeir völdu verkefnið, hvernig þeim þótti tiltakast og hvernig tímaáætlunin sem þeir settu sér í upphafi stóðst. Nemandi skal fá tækifæri til að gefa sér eigin einkunn ásamt rökstuðningi. Í lok annar metur kennari möppuna út frá frágangi möppunnar, og hvort öll gögn séu til staðar sem var fyrirfram áætlað. Kennari þarf einnig að nota símat sem tekur mið af framförum, sjálfstæði, frumkvæði, ástundum, vinnubrögðum og samstarfshæfni nemandans. „Með símati sér kennarinn auðveldlega hvort viðfagsefnin eru rétt valin og nemendur fylgjast með eigin framförum“¹⁸.

¹⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:18*

Lopapeysa

Prjónauppskrift

Peysan miðast við yfirvidd 115 sm.

Efnismagn er 5 dokkur í aðallit og 1 dokka fyrir sitthvort munstrið.

Prjónfesta á $10 \times 10 = 13$ lykkjur og 18 umferðir, slétt prjón á prjóna númer 6. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

Aðferð:

Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað.

Lokuð peysa

Uppfitjun:

Fitjið upp 132 lykkjur með lit A (brúnum), á hringprjón númer 5. Tengid saman hring og prjónið stroff:

Stroff:

1. Umferð: Prjónið 2 lykkjur sléttar og tvær lykkjur brugðnar til skiptist út umferð. Þegar umferð er búin setið þá merki þar sem næsta umferð byrjar.

2. Umferð: Prjónið slétta umferð 1 hring.

Endurtakið umferð 1 og 2 til skiptis, alls 20 umferðir.

Bolur:

Prjónið 2 umferð slétt og skiptið yfir á prjón númer 6.

Prjónið munstur 1.

Þegar búid er að prjóna munstur, prjónið þá slétt allan hringinn þangað til bolur mælist 45 sm. frá upffitjun.

Geymið bolinn og prjónið ermar.

Ermar

Fitjið upp á 36 lykkjur á sokkaprjóna númer 5 með lit A. Tengid saman í hring og prjónið stroff eins og á bol, alls 12 umferðir.

Skiptið yfir á prjóna númer 6 og prjónið eina umferð, aukið svo út um 4 (40) lykkjur jafnt yfir hringinn. Prjónið munstur 1.

Útaukning á ermum

Prjónið 1 umferð og aukið í um 2 lykkjur (42 lykkjur), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki).

Prjónið 12 umferðir og aukið í um 2 lykkjur (44 lykkjur), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki).

Prjónið 12 umferðir og aukið í um 2 lykkjur (46 lykkjur), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki). Alls 3 sinnum.

Prjónið þangað til ermi mælist 47 sm. (eða eftir máli) frá uppfítjun.

Setjið 12 lykkjur undir miðermi á nælu (6 lykkjur í byrjun umferðar og 6 lykkjur í enda umferðar).

Geymið og prjónið seinni ermi á sama hátt.

Axlastykki:

Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón númer 6 með lit A

Aðferð:

Setjið fyrstu 12 lykkjurnar af bol á nælu, prjónið ermi upp á hringprjóninn, prjónið 54 lykkjur af bolnum, setjið næstu 12 lykkjur á nælu og prjónið ermi upp á hringprjóninn. Prjónið síðustu 54 lykkjurnar af bolnum og setjið merki þar sem umferð byrjar. Prjónið nú samkvæmt munstri 2.

Háslíning:

Skiptið yfir á prjóna númer 5 og prjónið áfram með lit A, 1 umferð slétt prjón og takið úr 2 lykkjur með jöfnu millibili. Prjónið 1 umferð slétt og takið úr jafnt yfir umferðina 2 lykkjur (64) . Prjónið nú stroff.

Stroff í háslíningu:

1. Umferð: Prjónið 2 lykkjur sléttar og tvær lykkjur brugðnar til skiptist út umferð. Þegar umferð er búin setið þá merki þar sem næsta umferð byrjar.

2. Umferð: Prjónið slétta umferð 1 hring.

Endurtakið umferð 1 og 2 til skiptis, alls 12 umferðir.

Fellið laust af samkvæmt mynd affelling í kafla Hugtök í prjóni og skýringarmyndir.

Gangið frá endum og lykkið saman undir höndum sbr. skýringamynd lykkjað saman í Hugtök í prjóni og skýringamyndir.

Skolið úr peysunni og leggið til þerris.

Uppskrift II

Opin peysa.

Bolur:

Fitjið upp 134 lykkjur með lit A (brúnum), á hringprjón númer 5. Tengid saman hring og prjónið stroff:

Stroff:

1. Umferð: Prjónið 2 lykkjur brugðnar og tvær lykkjur sléttar til skiptist út umferð, ath. umferð endar á tveimur brugðnum lykkjum.

2. Umferð: Prjónið slétta umferð 1 hring nema fyrstu og síðustu lykkju sem er brugðin.

Endurtakið umferð 1 og 2 til skiptis, alls 20 umferðir.

Athugið að fyrsta og síðasta lykkja er alltaf brugðin, upp allan bolinn. Prjónið 1 umferð slétt nema fyrstu og síðustu lykkju sem á alltaf að vera brugðin á meðan skipt er yfir á prjón númer 6. og aukið út um 1. lykkju (135) Prjónið slétt þangað til bolur mælist 45 sm. frá uppfitjun.

Geymið bolinn og prjónið ermar.

Ermar

Fitjið upp á 36 lykkjur á sokkaprjóna númer 5 með lit A. Tengid saman í hring og prjónuð stroff eins og á bol 12 umferðir.

Skiptið yfir á prjóna númer 6 og prjónið eina umferð.

Útaukning:

Aukið út um 4 (40 l.) lykkjur jafnt yfir hringinn. Prjónið 12 umferðir og aukið út um 2 lykkjur (42 l.), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki). Prjónið 12 umferðir og aukið í um 2 lykkjur (44 l.), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki). Prjónið 12 umferðir og aukið í um 2 lykkjur (46 l.), í fyrstu og síðustu lykkju (setjið merki).

Prjónið þangað til ermi mælist 47 sm. (eða eftir máli) frá uppfítjun.

Setjið 12 lykkjur undir miðermi á nælu (6 lykkjur í byrjun umferðar og 6 lykkjur í enda umferðar).

Geymið og prjónið seinni ermi á sama hátt.

Axlastykki:

Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón númer 6 með lit A.

Aðferð: Prjónið 27 lykkjur af bol, setjið 12 lykkjur á nælu og prjónið ermina upp á hringprjóninn. Prjónið 55 lykkjur af bol og setjið 12 lykkjur af bolnum á nælu, prjónið seinni ermi upp á hringprjóninn. Prjónið síðustu 27 lykkjurnar af bolnum. Prjónið nú samkvæmt munstri 2.

Háslíning:

Skiptið yfir á prjóna númer 5 og prjónið áfram með lit A, 1 umferð slétt og takið úr 3 lykkjur með jöfnu millibili. Prjónið nú stroff.

Stroff í háslíningu:

1. Umferð: Prjónið 2 brugðnar og tvær lykkjur sléttar til skiptist út umferð, endið á 2 brugðnum lykkjum. Þegar umferð er búin setið þá merki þar sem næsta umferð byrjar.

2. Umferð: Prjónið slétta umferð 1 hring, nema fyrstu og síðustu lykkju sem eru brugðnar.

Endurtakið umferð 1 og 2 til skiptis, alls 12 umferðir.


Fellið laust af samkvæmt mynd í kafla Hugtök í prjóni og skýringarmyndir.

Gangið frá endum og lykkið saman undir höndum sbr. skýringamynd í Hugtök í þrjóni og skýringamyndir.

Saumið í saumavél (sjá mynd í kaflanum Hugtök í þrjóni og skýringarmyndir) með beinu þéttu spori og samlituðum tvinna tvisvar sinnum í hvora brugðna lykkju fyrir miðju að framan. Klippið á milli saumanna. Saumið í höndunum rennilásinn undir brúnir á framstykkiðum tvisvar sinnum. Fyrst á réttu þar sem brúnin er brotin, síðan frá röngu þar sem efnisbrún er saumuð lauslega niður.

Skolið úr peysunni og leggið til þerris.


Munstur 1.



Munstur 2.

Ef þrjónað er í hring er munstursteikning alltaf lesin frá hægri til vinstri.

Ath. Lykkjufjöldi í úrtöku miðast við lokaða peysu, ef þrjóna á opna peysu þarf að bæta við 1 lykkju s.s. 174 lykkjur í munstri verða 175 lykkjur og svo frv.



Hugtök í prjóni og skýringamyndir


Útskýringar á hugtökum á myndrænan hátt.

Húsgangsuppfitjun



Mynd 1

Setjið bandið yfir þumalfingur og vísifingur.




Mynd 2

Takið prjón í hina höndina og myndið einskonar teygjubyssu með því að draga bandið sem liggur á milli þumalfingurs og vísifingurs fram.




Mynd 3

Haldið við bandið og farið með prjóninn undir bandið á þumalfingri.



Mynd 4

Sækið bandið sem er á vísifingri og komið með það sömu leið til baka hjá þumalfingri¹⁹.




Mynd 5

Togið í prjóninn. Þá myndast tvær lykkjur en það er aðeins í fyrsta sinn, næst mun aðeins koma ein lykkja.


¹⁹Lærið að prjóna bls. 14

Slétt prjón




Mynd 6

Farið með odd hægri prjóns í lykkju vinstriprjóns að framan.




Mynd 7

Farið aftur fyrir garnið og „krækið í“



Mynd 8


Dragið garnið í gegn um lykkjuna, við þetta myndast ný lykkja.



Mynd 9


Um leið er lykkja vinstri prjóns látin renna fram af prjóninum. Ný lykkja situr nú eftir efst á hægri prjón og endurtaka þarf þetta ferli út allan prjóninn.

Brugðið prjón




Mynd 10

Bandið er haft fyrir framan prjónana.




Mynd 11

Stingið hægri prjóni inn í fremri helming lykkjunnar á vinstri prjóni.



Mynd 12


Krækið í bandið og farið með það í geng um lykkjuna.



Mynd 13

Takið svo lykkjuna af vinstri prjón yfir hægri prjóninn


Útaukning/að auka út/i.



Mynd 14

Farið með hægri prjónodd fram fyrir bandið milli lykknanna og lyftið því upp á vinstri prjón. Farið framan í lykkjuna (sem bandið myndar) og prjónið slétt.


Úrtaka



Mynd 15


Prjónið á þann hátt að tvær lykkjur eru prjónaðar saman. Farið með hægri prjónoddinn í gegn um tvær lykkjur að framan og prjónið slétt (ath. ef úrtakan fer fram á röngunni þarf að prjóna brugðið).

Affelling




Mynd 16

Prjónið 2 lykkjur. Stingið vinstri prjóninum inn í aftari lykkjuna á hægri prjón.




Mynd 17

Hvolfið lykkjunni yfir fremri lykkjuna.



Mynd 18


Prjónið 1 lykkju þannig að aftur verði 2 lykkjur á prjóni og endurtakið þangað til að ein lykkja er eftir á prjóninum.



Mynd 19

Þá er klippt á bandið og það dregið í gegn um síðustu lykkjuna.


Lykkja saman undir höndum



Mynd 20

Muna þarf að við lykkjum alltaf saman á réttunni. Þegar lykkjað er saman líkist það sléttu þrjóni. Fylgið myndinni er lykkjað er saman.

Saumur fyrir rennilás



20

Mynd 21

Saumið í saumavél með beinu þéttu spori og samlituðum tvinna tvisvar sinnum í hvora brugðna lykkju fyrir miðju að framan. Klippið á milli saumanna.



Mynd 22

Saumið í höndum eða í vél rennilásinn undir brúnir á framstykkinum tvisvar sinnum. Leggið saman réttu og réttu og saumið niður þar sem brúnin er brotin.



Mynd 23

Síðan er rennilásnum snúið inn (eins og hann á að vera) þar sem efnisbrún er lauslega saumuð niður í höndunum.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Sótt 15. september 2009 af : <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>

Lopi 28. (2008).

Áslaug Sverrisdóttir. (2004). Tóskapur: Ullarvinna í bændasamfélaginu. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á þjóðminjasafni* (bls. 196-203). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Elsa E, Guðjónsdóttir. (1985). Um þrjón á Íslandi. *Hugur og hönd*, 8, 8-12.

Erla Eggertsdóttir. (1992). *Lærið að þrjóna* (2. Útgáfa). Garðabær: Kompan ehf.

Halldóra Skarphéðinsdóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir. (2008). *Þrjóniþrjón*. Reykjavík.

Magnús Guðmundsson. (1988). Í Jón Böðvarsson (ritstjóri). *Ull verður gull: Ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld*. Reykjavík: Iðnsaga Íslendinga og Hið íslenska bókmenntafélag.

Unnur Breiðfjörð. (1999). Í Ragnheiður Gestsdóttir (ritstjóri). *Á þrjónunum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Myndaskrá

Lopi 28. (2008). *Mynd 21*

Unnur Breiðfjörð. (1999). Í Ragnheiður Gestsdóttir (ritstjóri). *Á þrjónunum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. *Mynd 1-20*